



Reykjavík, 27. janúar 2025  
SFS23080157

Ráðhús Reykjavíkur  
Borgarráð

**Efni: Tillaga skóla- og frístundasviðs varðandi breytingu á rekstrarleyfi Skerjagarðs ehf**

Lögð fram svohljóðandi tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 20. janúar 2025 ásamt drögum að nýju rekstrarleyfi fyrir leikskólann Skerjagarð og rekstrarleyfi Skerjagarðs frá árinu 2015:

Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs leggur til að rekstrarleyfi leikskólans Skerjagarðs verði breytt með þeim hætti að heimilt verði að vera með allt að 54 börn á aldrinum 18 mánaða til sex ára þar af fjögur á aldrinum 12 til 18 mánaða. Lagt er til að nýtt rekstrarleyfi taki gildi 1. febrúar 2025 og á sama tíma falli úr gildi rekstrarleyfi vegna leikskólans, dags. 1. júní 2015.

Greinargerð fylgdi.

Tillagan var samþykkt og vísað til borgarráðs.  
Tillögunni er hér með vísað til borgarráðs

Virðingarfyllt

Virðingarfyllt

Aðalbjörg Dís Guðjónsdóttir

sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Hjálagt:  
Greinargerð, dags. 20. janúar 2025  
Rekstrarleyfi drög, ódags.  
Núgildandi rekstrarleyfi, dags. 2015

Reykjavík, 20. janúar 2025  
SFS23080157

## Tillaga

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Aðalbjörg Díska Guðjónsdóttir, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

---

**Efni: Tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs varðandi breytingu á rekstrarleyfi Skerjagarðs ehf.**

Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs leggur til að rekstrarleyfi leikskólans Skerjagarðs verði breytt með þeim hætti að heimilt verði að vera með allt að 54 börn á aldrinum 18 mánaða til sex ára þar af fjögur á aldrinum 12 til 18 mánaða. Lagt er til að nýtt rekstrarleyfi taki gildi 1. febrúar 2025 og á sama tíma falli úr gildi rekstrarleyfi vegna leikskólans, dags. í júní 2015.

### Greinagerð:

Leikskólinn Skerjagarður, kt. 590315-1250, er með rekstrarleyfi, dags. í júní 2015, sem kveður á um að leikskólanum sé heimilt að reka leikskóla að Bauganesi 13, Reykjavík, fyrir allt að 50 börn á aldrinum 18 mánaða til sex ára. Í maí og júní ár hver hefur leikskólinn þó heimild fyrir 56 börnum.

Þann 16. ágúst 2023, barst umsókn frá leikskólanum Skerjagarði um að fjölga börnum í leikskólanum úr 50 börnum í 55 börn á aldrinum 18 mánaða til 6 ára.

Með tölvupósti, dags. 6. nóvember 2023, óskaði skóla- og frístundasvið eftir frekari gögnum frá Skerjagarði. Var óskað eftir staðfestingu heilbrigðis-, eldvarnar- og vinnueftirlits. Einnig var óskað eftir umsögn foreldraráðs leikskólans í samræmi við 2. mgr. laga nr. 90/2008 um leikskóla. Í munnlegu svari Skerjagarðs í nóvember 2023 var upplýst að leikskólinn hafi leitast eftir að gera umræddar breytingar haustið 2023 vegna samsetningar barnahópsins en þær aðstæður ættu ekki lengur við. Væri því ekki óskað eftir fjölgun að svo stöddu.

Með tölvupósti, dags. 29. janúar 2024, óskaði Skerjagarður eftir því að beiðni leikskólans um fjölgun barna í leikskólanum yrði aftur tekin til skoðunar. Með tölvupóstinum fylgdu umsagnir sem skóla- og frístundaráð hafði óskað eftir þann 6. nóvember 2023. Umsagnir Heilbrigðiseftirlitsins, Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins, Vinnueftirlitsins og foreldraráðs Skerjagarðs liggja fyrir í máli þessu.

Fram kom í umsókn að vegna mikillar vöntunar á leikskólaplássi í Reykjavík er leikskólinn tilbúinn til að koma til móts við aukna þörf á leikskólaplássi í borginni.

Í umsögn sinni, dags. 29. janúar 2024, gaf Heilbrigðiseftirlitið jákvæða umsögn og vísaði m.a. til þess að enginn fermetra fjöldi per. barn er í starfsleyfisskilyrðum fyrir leikskóla sem vísar í lög um hollustuhætti nr. 7/1998 og reglugerðar um hollustuhætti nr. 941/2002.



Eftirlitið vakti þó athygli á því að í byggingarreglugerð kemur fram að í grein 6.9.3. að rúmmál hefðbundinna stofa í skólum, leikskólum og öðrum samsvarandi byggingum, þ.m.t. frístundaheimilum, skal vera í eðlilegu samræmi við fjölda nemenda/barna sé minnst 3,0 fermetrar á leikskólum og öðrum sambærilegum stöðum þar sem börn eru vistuð.

Í umsögn Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins, dags. 23. janúar 2024, féllst slökkviliðið á að leyfi yrði veitt enda eru eldvarnir í viðunandi lagi miðað við 55 manns. Leikskólinn hafi nú þegar heimild til að hafa allt að 56 börn í leikskólanum frá maí-september ár hvert. Málið var metið án skoðunar og á grundvelli framlagðra gagna.

Í umsögn sinni, dags. 27. nóvember 2023, setti foreldraráð leikskólans á Skerjagarði sig ekki á mótun fjölgun barna á leikskólanum úr 50 í 55 börn, enda hafi leikskólinn haft heimild til að vista allt að 56 börn hluta úr ári í skólanum.

Í umsögn Vinnueftirlitsins, dags. 23. janúar 2024, kom fram að að eftirlitið skoði ekki hversu mörg börn hentar að hafa né veita umsögn vegna þess, en taki þó mið af fjölda barna í vettvangsskoðunum þegar aðbúnaður starfsmanna sem sinna þeim er metinn.

### **Niðurlag**

Í vinnslu málsins leit skóla- og frístundasvið Reykjavíkur til teikningar frá 2007 og leikrými reiknað út frá því. Leikrými er reiknast alls 161,1 fm. Viðmið um fjölda barna í leikrýmum miðast við 3 fm./barn skv. byggingarreglugerð, grein 6.9.3., sem notuð hefur verið sem viðmið um fjölda barna í sjálfstætt starfandi leikskólum. Miðað við það er fjöldi barna fyrir 161,1 fm., alls 53,7 börn.

Leikskólinn hefur haft leyfi fyrir 56 börnum yfir sumarmánuðina. Á þeim tíma má gera ráð fyrir meiri nýtingu á útisvæði og minni tíma sem börnin eru öll samtímis inni í leikrými. Því er hægt að rökstyðja að fleiri börn geti verið á þeim tíma í leikskólanum en ella.

Umsagnaraðilar hafa annað hvort verið jákvæðir eða ekki tekið afstöðu til fjölda barna í leikskólanum. Sé því hægt, með hliðsjón af framangreindum rökum, að samþykka fjölgun barna um 4 börn og að heimilt verði að vera með 4 börn á aldrinum 12 – 18 mánaða.

Af hálfu skóla- og frístundasviðs er ekki gerð athugasemd við að rekstrarleyfi verði breytt með þeim hætti að heimilt verði að vera með allt að 54 börn á aldrinum 18 mánaða til sex ára, þar af 4 á aldrinum 12 til 18 mánaða. Lagt er til að nýtt rekstrarleyfi taki gildi 1. febrúar 2025 og á sama tíma falli úr gildi rekstrarleyfi vegna leikskólans, dags. í júní 2015.

Tekið er fram að samþykkt rekstrarleyfis felur ekki í sér vilyrði fyrir greiðslu framlags vistunar reykvískra barna í leikskólanum og gera þarf sérstakan samning um framlag.



## Rekstrarleyfi fyrir leikskólann Skerjagarð

Með vísun til 25. gr. laga nr. 90/2008 um leikskóla og reglur Reykjavíkurborgar um leyfi til reksturs leikskóla veitir skóla- og frístundaráð Reykjavíkurbogar hér með Skerjagarði ehf., kt. 590315-1250, leyfi til að reka leikskólann Skerjagarð.

Fyrir liggja teikningar af húsnæði leikskólans að Bauganesi 13 í 101 Reykjavík. Veitt er heimild til að reka leikskóla í húsnæðinu fyrir allt að 54 börn á aldrinum 18 mánaða til sex ára. Þar af fjögur á aldrinum 12 til 18 mánaða.

Vottorð liggur fyrir frá heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur um að húsnæðið uppfyllir þær kröfur sem gerðar eru til starfseminnar.

Við leikskólann skal starfa leikskólastjóri sem uppfyllir skilyrði fyrir ráðningu leikskólastjóra í lögum um leikskóla nr. 90/2008 og lögum nr. 95/2019 um menntun, hæfni og ráðningu kennara og skólastjórnenda í leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla.

Við ráðningu annarra starfsmanna leikskólans skal gætt ákvæða laga nr. 95/2019 um menntun, hæfni og ráðningu kennara og skólastjórnenda í leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla, um í 2/3 hluta stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna séu ráðnir leikskólakennarar.

Rekstraraðila ber að láta alla starfsmenn leikskólans undirrita yfirlýsingu um að þeir muni gæta þagmælsku um hagi barna og foreldra þeirra sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirmanna þeirra og eðli máls.

Vesturmiðstöð veitir leikskólanum sérfræðipjónustu, sbr. reglugerð nr. 444/2019 um skólaþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum.

Leikskólastjóra er skylt að endurskoða skólanámskrá reglulega og leggja hana fyrir skóla- og frístundaráð til staðfestingar. Skólanámskrá leikskólans er í vinnslu.

Starfsáætlun ber að skila árlega samkvæmt nánari ákvörðun skóla- og frístundaráðs.

Leikskólanum er skylt að meta með reglubundnum hætti gæði leikskólastarfsins á grundvelli 17. gr. laga nr. 90/2008 um leikskóla og reglugerð nr. 893/2009 um mat og eftirlit í leikskólum og eftirlitsskyldur sveitarstjórna um skólahald. Upplýsingar um matið ber leikskólanum að birta opinberlega ásamt tengslum þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur.

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar framkvæmir ytra mat og hefur eftirlit með leikskólanum. Ber leikskólanum að láta skóla- og frístundasvið í té gögn um innra mat sitt ásamt öðrum upplýsingum sem eru nauðsynlegar vegna ytra mats og eftirlits.

Uppfylli leikskólinn ekki ofangreind skilyrði getur skóla- og frístundaráð afturkallað rekstrarleyfið, ef rekstraraðili bregst ekki við athugasemdum innan tilskilins frests. Rekstrarleyfi tekur gildi 1. febrúar 2025 og frá sama tíma fellur úr gildi rekstrarleyfi útgefið, dags. í júní 2015.

Reykjavík, [dags.] 2025

---

sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar

## Rekstrarleyfi fyrir leikskólann Skerjagarð

Með vísan til 25. gr. laga nr. 90/2008 um leikskóla og reglur Reykjavíkurborgar um leyfi til reksturs leikskóla veitir skóla- og frístundaráð Reykjavíkurborgar hér með Skerjagarði ehf. kt. 590315-1250, leyfi til að reka leikskólann Skerjagarð.

Fyrir liggja teikningar af húsnæði leikskólans að Bauganesi 13, 101 Reykjavík. Veitt er heimild til að reka leikskóla í húsnæðinu fyrir allt að 50 börn á aldrinum 18 mánaða til 6 ára. Í maí og júní ár hvert hefur leikskólinn þó heimild fyrir 56 börn.

Vottorð liggur fyrir frá Vinnueftirliti ríkisins og heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur um að húsnæðið uppfylli þær kröfur sem gerðar eru til starfseminnar.

Við leikskólann skal starfa leikskólastjóri, sem hefur starfsheitið leikskólakennari og hefur annaðhvort viðbótarmenntun í stjórnun eða kennslureynslu á leikskólastigi.

Við ráðningu annarra starfsmanna leikskólans skal gætt ákvæða laga nr. 87/2008 um að í 2/3 hluta stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna séu ráðnir leikskólakennarar.

Rekstraraðila ber að láta alla starfsmenn leikskólans undirrita yfirlýsingu um að þeir muni gæta þagmælsku um hagi barna og foreldra þeirra sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirmanna þeirra og eðli máls.

Þjónustumiðstöð Vesturgarðs veitir leikskólanum sérfræðiþjónustu, sbr. reglugerð nr. 584/2010, um sérfræðiþjónustu leik- og grunnskóla.

Leikskólastjóra er skylt að endurskoða skólanámskrána reglulega og leggja hana fyrir skóla- og frístundaráð til staðfestingar. Skólanámskrá leikskólans er frá árinu 2010.

Starfsáætlun ber að skila árlega samkvæmt nánari ákvörðun skóla- og frístundaráðs.

Leikskólanum er skylt að meta með reglubundnum hætti gæði leikskólastarfsins á grundvelli 17. gr. laga nr. 90/2008 um leikskóla og reglugerð nr. 893/2009 um mat og eftirlit í leikskólum og eftirlitsskyldur sveitarstjórna um skólahald. Upplýsingar um matið ber leikskólanum að birta opinberlega ásamt tengslum þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur.

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar framkvæmir ytra mat og hefur eftirlit með leikskólanum. Ber leikskólanum að láta skóla- og frístundasviði í té gögn um innra mat sitt ásamt öðrum upplýsingum sem eru nauðsynlegar vegna ytra mats og eftirlits.

Uppfylli leikskólinn ekki ofangreind skilyrði getur skóla- og frístundaráð afturkallað rekstrarleyfið, ef rekstraraðili bregst ekki við athugasemdum innan tilskilins frests. Rekstrarleyfið tekur gildi 1. ágúst 2015.

Reykjavík XX. júní 2015

---

Ragnar Þorsteinsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar.